

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VÍKINGUR

ÁRSSKÝRSLA 2024



REYKJAVÍK
JÚNÍ 2025

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS OG FRAMKVÆMDASTJÓRA	1
HELSTU VERKEFNI OG ÁHERSLUR 2025-2026	2
FJÁRMÁL OG MANNAUÐUR	3
ÍÞRÓTTAMÁL	4

MANNVIRKI VÍKINGS	5
ÁRSREIKNINGUR - AÐALSTJÓRN	6
ÁRSREIKNINGUR - SAMSTÆÐA	7

ÁVARP FORMANNS OG FRAMKVÆMDASTJÓRA



BJÖRN EINARSSON
Formaður Víkings

Kæru félagar,

Árið 2024 var hvort tveggja í senn stærsta og umfangmesta ár í sögu félagsins okkar. Ár sem setur Knattspyrnufélagið Víking einfaldlega á stall sem stærsta íþróttafélag landsins. Af þeim árangri geta og eiga allir Víkingar að vera stoltir. Ársreikningur félagsins 2024 staðfestir að félagið er í afar heilbrigðum og traustum rekstri út frá öllum rekstrarbreytum. Félagið er afar skuldlétt og hlýtur létt skuldastaða félagsins að vera einsdæmi meðal íslenskra félaga sem fer vel saman með þeim mikla metnaði sem ríkir í félaginu og hefur byggst upp jafnt og þétt til margra ára. Það hefur verið skýr stefna að fara með félagið þann stað að vera sterkasta og öflugasta félag landsins. Við eigum að vera stolt af traustum rekstri okkar.

Síðasta ár markast af stórkotlegum árangri karlaliðsins okkar í Evrópukeppninni - Sambandsdeildinni þar sem liðið fór alla leið upp úr sínum riðli og í 16 liða úrslit þar sem við töpuðum naumlega fyrir gríska liðinu Panathinaikos.

Á þessum tímapunkti er mikilvægt að þakka fyrir hið mikla framlag starfsmanna og stjórnarmanna í KND og starfsmanna á skrifstofu félagsins. Þessi árangur hefði ekki náðst nema með miklu framlagi allra aðila og sterkri liðsheild. Með þessum árangri setti karlaliðið okkar í knattspyrnu og knattspyrnudeild félagsins ný viðmið í árangri fyrir félagið og ekki síður fyrir íslenska knattspyrnu. Það hefur ekkert félag haft þor í að hugsa í þeim metnaði sem Víkingur hefur sýnt og við eigum að hugsa enn hærra og sífellt að setja okkur ný viðmið.

Í kringum þetta mikla umfang félagsins er mjög mikilvægt að taka sterkar ákvarðanir varðandi rekstur, skipulag og innviði. Í þessum þáttum þurfum við að hugsa hátt rétt eins og inn á vellinum. Setja okkur markmið um mikinn metnað innan sem utan vallar. Fyrstu mánuði ársins 2025 hefur aðalstjórn félagsins tekið stór skref í að aðlaga stýringu, skipulag og innviði félagsins að stærri rekstri félagsins og mun það verkefni halda áfram þar sem inntakið er að reka félagið eins og metnaðarfullt fyrirtæki í rekstri sínum en á sama tíma að þekkja sterka ábyrgð sína varðandi mikilvægt samfélagshlutverk sitt. Munum við tengja saman þessa grunnþætti og gildi í daglegum rekstri okkar við stefnumótun sem félagið hyggst fara í á næstu mánuðum og verður kynnt vandlega öllum deildum. Það urðu framkvæmdastjóra breytingar í félaginu undir lok síðasta árs þegar Haraldur Haraldsson óskaði eftir að láta af störfum eftir 14 ára starf.

Knattspyrnufélagið Víkingur þakkar Haraldi fyrir frábært, óeigingjarnt og ómetanlegt framlag hans til félagsins. Haraldur hefur djúpar rætur við félagið er ég þess fullviss að Haraldur verði áfram í sterkum tengslum við félagið. Í desember 2024 var Haukur Hinriksson ráðinn nýr framkvæmdarstjóri félagsins og hóf hann störf 1. mars síðastliðinn. Haukur starfaði áður sem yfirlögfræðingur KSÍ. Mun Haukur leiða þá skýru vinnu sem aðalstjórn félagsins hefur sett sér í að styrkja skipulag og innviði félagsins sem komið er inn á hér að ofan. Það er mikil tilhlökkun að fá Hauk til starfa í þetta mikla ábyrgðarhlutverk og lykilstöðu innan félagsins.

Safamýri og hverfið í kringum nýju mannvirki félagsins hélt áfram að styrkjast á árinu 2024 sem mjög mikilvæg stoð í rekstri félagsins og það ætti að vera öllum ljóst að það er mikil styrkur í því til framtíðar að fá Safamýri - mannvirkin og nýtt hverfi inn í liðsheild félagsins. Handboltinn innan félagsins blómstrar í Safamýri og í dag er handknattssleiksdeild Víkings sú þriðja stærsta á landinu þökk sé Safamýri og öflugu starfi. Heildarstærð þess hverfis sem félagið stýrir telur núna um nálægt 20 þúsund íbúum og eru ný svæði í þróun innan hverfisins eins og Kringlureiturinn.

Samþætting mannvirkja okkar í Víkinni og Safamýri mun halda áfram í gegnum árið 2025 þar sem metnaðarfullar áætlanir félagsins ráða för. Munum við leggja áherslu á að vinna þá vinnu með öllum deildum okkar og hagsmunaaðilum í hverfi félagsins og að vera kjölfesta í að stuðla að heilbrigðu og góðu samfélagi í hverfinu okkar.

Á sama tíma og við vinnum í að styrkja og aðlaga rekstur, skipulag og innviði félagsins þá er liðsheild félagsins eitt það mikilvægasta sem við tryggjum hverju sinni - við brýnum alla daga fyrir keppnisliðum okkar og iðkendum að liðsheild sé lykilbreyta í að ná árangri á öllum sviðum, það verða allir að gera sér grein fyrir því að liðsheild er einnig lykilbreytan utan vallar og í öllum rekstri félagsins. Höfum það öll hugfast. Styrkjum og stækkum félagið enn frekar á grunni liðsheildar og samkenndar.

Það verður mikil áhersla hjá aðalstjórn félagsins og nýjum framkvæmdarstjóra á það að styrkja enn frekar tekjustofna félagsins og eru skýr tækifæri til staðar sem við erum að vinna með hvað það varðar.

Eitt allra stærsta verkefni félagsins nú þegar gott jafnvægi er að komast á innleiðingu Safamýrar inn í alla vinnslu félagsins er að fá skýrar línur í málefni Markarsvæðisins þar sem Reykjavíkurborg hefur dregið lappirnar gagnvart félaginu alltof lengi. Félagið hefur átt í samtölum við Reykjavíkurborg um margvíslegar leiðir og lausnir varðandi Markarsvæði og uppbyggingu á athafnasvæði félagsins í Fossvogi en enn sem komið er hefur það ekki skilað neinni niðurstöðu. Reykjavíkurborg hefur boðið félaginu að taka fyrsta skrefið inn á Markarsvæðið en því hefur félagið hafnað á meðan ekki hefur náðst skýr samningur og tímarammi um yfirtöku félagsins á öllu svæðinu ásamt fjármögnum á þeirri uppbyggingu sem því fylgir.

Þolinmæði félagsins fyrir núverandi stöðu er á enda og hefur aðalstjórn sett saman vinnuhóp skipaðan lögfræðingum sem munum sækja málið stíft fyrir hönd félagsins og beita til þess öllum tiltækum ráðum.

Ég vil þakka stjórnarmönnum í aðalstjórn og starfsfólki fyrir samstarfið og vel unnin störf. Þá vil ég þakka formönnum og öllum stjórnarmönnum allra deilda og ráða fyrir einstakt og óeigingjarnt starf fyrir félagið, sem og öllum öðrum sem lagt hafa félaginu lið með sjálfboðaliðastarfi. Starf ykkar allra er ómetanlegt. Mannauður félagsins er mikill.

Sérstaklega vil ég færa Nönnu Guðmundsdóttur sem nú kveður aðalstjórn félagsins þakkir fyrir frábært samstarf og framlag í gegnum árin. Ég veit að Nanna verður nálægt félaginu áfram.

Þá langar mig að þakka Vigdísi Jóhannsdóttur sem nú kveður sem formaður Handknattleiksdeildar félagsins eftir margra ára starf fyrir hennar mikla starf við uppbyggingu handboltans okkar og mikilvægt framlag við innleiðingu mannvirkja okkar í Safamýri inn í rekstur félagsins.

Þetta er félagið okkar allra - stöndum ávallt saman.

Höldum áfram að byggja saman öflugasta íþróttafélag landsins.

Áfram Víkingur!

26. júní 2025

Björn Einarsson

Formaður Aðalstjórnar Víkings



HAUKUR HINRIKSSON

Framkvæmdastjóri Víkinga

Kæru Víkingar,

Ég finn fyrir mikilli ábyrgð, auðmýkt og stolti í hlutverki framkvæmdastjóra Víkinga. Félagið er sögufrægt, það hefur vaxið gríðarlega á sínum líftíma, mannauðurinn er í hæsta gæðaflokki og félagið án efa í allra fremstu röð íþróttafélaga hér á landi. Samheldni, fagmennska og metnaður til að skara fram úr eru eiginleikar sem fljótt verður vart við innan félagsins. Eftir því sem lengra líður sé ég enn betur hversu öflugur forveri minn var í starfi. Árangurinn sem náðist á hans tíma er einstakur, bæði innan sem utan vallar. Haraldur sýndi óeigingjarna forystu, agaða fjármálastjórn, tók mikla ábyrgð og lagði grunn að því sem við höfum í höndunum í dag. Ég er spenntur að takast á við þetta stóra og krefjandi verkefni, ásamt öllum Víkingum, með það að markmiði að gera gott starf félagsins enn betra.

Ég velti því oft fyrir mér hvað það sé sem gefur Víkingi forskot og hvers vegna félagið hefur náð svona góðum árangri. Í íslensku samfélagi byggir velgengni íþróttafélaga á sterkri menningu, traustum tengslum við samfélagið sitt og öflugri sjálfbærðishefð. Þetta eru hlutir sem gerast ekki að sjálfu sér heldur þarf að byggja upp yfir langan tíma. Þetta samkeppnisforskot þarf að varðveita, næra og byggja ofan á. Allra síst má sofna á verðinum og taka því sem sjálfsögðum hlut. Innri styrkur félagsins liggur í samheldni, vinnusemi og reynslu á öllum sviðum - frá yngri flokkum og upp í meistaraflokka, innan stjórna félagsins og í nefndum og ráðum.

Félagið býr yfir margvíslegum auðlindum - bæði áþreifanlegum og óáþreifanlegum. Áþreifanleg auðlind er sem dæmi frábær aðstaða okkar, vellir, félagsheimili og búnaður. Óáþreifanlegar auðlindir eru hins vegar arfleifðin okkar, menningin, vörumerkið og trúverðugleiki. Þar má einnig nefna seiglu, sterka sjálfsmynd og tengsl við hverfin okkar. Víkingur er fjölskyldufélag í víðri merkingu þar sem iðkendur, leikmenn, þjálfarar, foreldrar, stuðningsmenn, starfsfólk og stjórnendur tilheyra sama samfélaginu og eru með sameiginleg markmið og gildi. Til að tryggja langtímaárangur og stöðugleika, þá þurfum við að viðhalda samkeppnisforskoti okkar og bæta enn frekar í. Við þurfum að vanda alla ákvarðanatöku, hugsa til lengri tíma, sjá hlutina í stærra samhengi og fá gott fólk til starfa - fólk sem deilir gildum félagsins, hefur þekkingu og er tilbúið að leggja sig fram.

Áfram Víkingur!



HELSTU VERKEFNI OG ÁHERSLUR 2025-2026

VÍKIN - MARKARSVÆÐIÐ

Aðalstjórn hefur unnið að því í nánu samstarfi við ráðgjafa félagsins að krefja Reykjavíkurborg um afhendingu á athafnasvæði sem Víkingi hefur verið gefin fyrirheit um. Um ræðir svæði sem Gróðrastöðin Mörk hefur verið með starfsemi sína á. Aðalstjórn telur skýran lagagrundvöll vera til þess að beita þvingunarráðstöfunum gagnvart Reykjavíkurborg og því var ákveðið að halda slíkum ráðstöfunum til streitu. Viðbragðs- og virðingarleysi Reykjavíkurborgar í málinu er óásættanlegt yfir lengri tíma og standa vonir til að ný nálgun verði til þess að árangur náist.

SAMÞÆTTING MANNVIRKJA FÉLAGSINS

Knattspyrnufélagið Víkingur tók formlega við íþróttamannvirkjum og annarri íþróttastöðu í Safamýri á haustmánuðum 2022. Allt frá þeim tíma hefur markvisst verið unnið að samræmdri nýtingu mannvirkja Víkings með það fyrir augum að íþróttaleg þjónusta, ásýnd og útlit sé samstillt. Sú vinna mun halda áfram og viljum við að allt okkar starfsfólk sé sýnilegt í báðum mannvirkjum og vinni saman að öllum stærri verkefnum.



HELSTU VERKEFNI OG ÁHERSLUR 2025-2026

FJÁRMÁL & UPPGJÖR

Aðalstjórn fer með umsýslu og uppgjör fjármála félagsins og einstakra deilda þess. Til að aðstoða deildir og félagið í heild með yfirsýn hefur það innleitt veflausn frá Advice sem einfaldar fjárhagslega skýrslugerð og veitir skýra yfirsýn yfir rekstur. Kerfið býður upp á rauntíma greiningar og mælaborð þar sem hægt er að fylgjast með frammistöðu félagsins og deilda á einfaldan og skilvirkan máta. Með þessu móti gefst kostur á að vera með uppgjör með skemmra millibili en verið hefur til að tryggja stöðugleika og gagnsæi í rekstri.

STYRKING TEKJUSTOFNA FÉLAGSINS

Það er viðvarandi verkefni Víkings að styrkja og fjölga tekjustofnum félagsins. Það eru mörg tækifæri til þess að styrkja þá tekjustofna sem félagið treystir á í sínum rekstri enn frekar. Svo sem auglýsingaskilti félagsins við Sprengisand, útleigu húsa og veislusala, samninga við samstarfsaðila og rekstrarsamninga við sveitarfélag. Til að stuðla að frekari sjálfbærni í rekstri og eflingu á grunnþjónustu félagsins við einstakar deildir er þörf á að fjölga tekjustofnum enn frekar og er ljóst að félagið hefur alla burði til þess.



HELSTU VERKEFNI OG ÁHERSLUR 2025-2026

VIÐHALD MANNVIRKJA VÍKINGS

Það liggur ljóst fyrir að viðhaldspörf er mikil á mannvirkjum Víkings í Safamýri og í Víkinni. Í skýrslu sem unnin var af hálfu Víkings og Reykjavíkurborgar árið 2018 var viðhald og endurbætur áætlaðir tæpar 1.800mkr og hefur verið verið á forgangslista Reykjavíkurborgar vegna þarfra verkefna. Mannvirki Víkings í Safamýri eru í eigu Reykjavíkurborgar og biður það nú viðhalds, t.d. vegna þaks og glugga. Það er forgangsverkefni hjá aðalstjórn að ganga úr skugga um að Reykjavíkurborg styðji félagið í þörfum viðhaldsverkefnum.

GERVIGRASVELLIR

Endurnýjun á gervigrasi á æfingavelli í Víkinni mun fara fram þegar nær dregur hausti 2025. Útboði vegna verksins er lokið og mun Metatron að óbreyttu sjá um verkið. Gervigrasvöllur Víkings í Safamýri er sömuleiðis kominn á tíma og mun félagið þrýsta á endurnýjun þess vallar sem allra fyrst.

ANNAÐ

- 3. hæð í Víkinni
- Eldhús
- Vallarhús
- Stækkun áhorfendastúku
- Söguvefur

FJÁRMÁL OG MANNAUÐUR

Haraldur Haraldsson tilkynnti í október 2024 að hann hygðist láta af störfum sem framkvæmdarstjóri knattspyrnufélagsins Víkinga. Haraldur tók við sem framkvæmdarstjóri félagsins árið 2010. Frá þeim tíma hefur félagið stækkað og eflt umsvif sín til mikilla muna og á Haraldur gríðarlega mikinn þátt í þessum mikla vexti félagsins.

Í gegnum árin hefur Haraldur ávallt verið í afar góðu sambandi við félagsmenn okkar af öllum kynslóðum – átt sterk tengsl við mikilvæga grasrót félagsins. Haraldur skilur við félagið í miklum blóma og styrk – það sem Víkingur er hvort tveggja í senn eitt sigursælasta og öflugasta félag landsins og um leið með mikinn styrk bæði rekstrarlega og fjárhagslega.

Knattspyrnufélagið Víkingur þakkar Haraldi fyrir frábært, óeigingjarnt og ómetanlegt framlag hans til félagsins. Haraldur hefur djúpar rætur við félagið og ljóst að það verður mikill söknuður af honum af þessum vettvangi.



FJÁRMÁL OG MANNAUÐUR

Á aðalfundi sem fram fór 4. júlí 2024 var Björn Einarsson endurkjörinn formaður félagsins. Aðalmenn í stjórn til tveggja ára voru kjörin: Kristín Magnúsdóttir, Vilhjálmur Jens Árnason og Helgi Eysteinnsson. Þá var Helga Birna Brynjólfsdóttir kosin varamaður til tveggja ára. Nanna Guðmundsdóttir, Jón Fannar Guðmundsson og Elísabet Björnsdóttir voru kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2023. Soffía Hilmarsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa eftir langt starf fyrir BUR og aðalstjórn. Verkaskipting stjórnar er sú að Elísabet Björnsdóttir hefur gegnt stöðu varaformanns, Kristín Magnúsdóttir stöðu gjaldkera og Nanna Guðmundsdóttir stöðu ritara.

Aðalsteinn Eyjólfsson var í júní 2024 ráðinn þjálfari meistaraflokks karla Víkings í handbolta sem og yfirmaður handknattleiksmála félagsins í fullu starfi. Aðrar breytingar á starfsmannahaldi voru þær að Valgerður Marija Purusic lét af störfum sem íþróttafulltrúi í Safamýri. Andela Jovanovic tók við af Jóni Gunnlaugi Viggóssyni sem rekstrarstjóri í Safamýri. Andela sinnir í dag starfi rekstrarstjóra fyrir félagið í heild.

Benedikt Sveinsson verkefnastjóri og Örn Ingvar Jóhannsson vallarstjóri létu af störfum í upphafi árs 2025. Knattspyrnufélagið Víkingur þakkar þeim Benedikt og Erni fyrir langvinnt og óeigingjart starf fyrir félagið.

Hagnaður af rekstri aðalstjórnar nam tæpum 4 milljónum á árinu 2024. Hagnaður af rekstri félagsins í heild sinni nam tæpum 420,3 milljónum. Aldrei hefur veltan verið meiri eða rúmar 1.664 milljónir. Kostnaðurinn eykst samhliða og var tæpar 1.243 milljónir á árinu 2024.



Rekstrartekjur

ISK 1.644M



Rekstrargjöld

ISK 1.243M



Afkoma

ISK 420,3M



ÍÞRÓTTAMÁL

MEISTARAFLOKKAR OG
BARNA & UNGLINGASTARF

Besta deild

2. sæti

Meistaraflokkur karla - Knattspyrna

Besta deild

3. sæti

Meistaraflokkur kvenna - Knattspyrna

Grill66 deildin

3. sæti

Meistaraflokkur karla - Handbolti

Grill66 deildin

5. sæti

Meistaraflokkur kvenna - Handbolti



MEISTARAFLOKKAR FÓTBOLTI OG HANDBOLTI

Árið 2024 var blómlegt og gæfuríkt fyrir Víkinga á flest öllum vígvöllum og hefur félagið sjaldan verið á jafn góðum stað

Tímabilið 2024 í knattspyrnu verður lengi í minnum haft en Meistaraflokkarnir okkar stóðu sig frábærlega. Kvennaliðið endaði í 3. sæti Bestu deildarinnar, sem er besti árangur í sögu kvennaliðs Víkings. Meistaraflokkur karla var grátlega nálægt nánast fullkomnu tímabili en liðið tapaði tveimur úrslitaleikjum, fyrir KA í Mjólkurbikarnum og í deildinni í hreinum úrslitaleik við Breiðablik í pallaleiknum fræga í Víkinni í október, þar sem slegið var aðsóknarmet á Heimavelli Hamingjunnar.

Við félagsmenn getum státað okkur af því að Víkingur komst fyrst íslenskra karlaliða í riðlakeppni Sambandsdeildarinnar og gerði svo gott betur en það og komst í umspil um sæti í 16 liða úrslitum Sambandsdeildarinnar gegn gríska stórliðinu Panathainakos. Það einvígi tapaðist naumlega í Grikklandi en frammistaða Víkingsliðsins var frábær og íslenskum fótbolta svo sannarlega til sóma.

Við Víkingar getum verið stoltir af árangri meistaraflokkana okkar í Handbolta á síðasta tímabili. Bæði lið fóru í umspil um sæti í Olísdeildinni fyrir næsta tímabil og stóðu sig vel þar. Meistaraflokksliðin eru byggð upp á ungum og efnilegum leikmönnum og félagið á góðri vegferð að ná þeim markmiðum að festa bæði lið í sessi í efstu deild.

FRÉTTIR FRÁ DEILDUM



ÍSLANDSMEISTARAR Í BORÐTENNIS

Víkingur er hægt en örugglega að stimpla sig enn frekar inn í Safamýrina en Víkingspeysa og treyja er svo gott sem orðið að skólabúning í Álftamýrar og Hvassaleitisskóla í yngstu árgöngunum.

Karatedeild Víkings er á sínum stað og hafa komið sér vel fyrir í Safamýri. Karatedeildin er gríðarlega mikilvæg deild fyrir Víking og er í lykilhlutverki að bjóða upp á fjölbreytta íþróttaiðkun fyrir nærsamfélag okkar Víkinga.

Skíðadeild Víkings er á góðum stað og gegnir lykilhlutverki innan skíðasamfélagsins og mikill áhugi er á skíðagreininni. Skíðadeild Víkings hefur staðið fyrir byrjendanámskeiðum sem fyllast hratt. Einnig á skíðadeild Víkings fulltrúa í A landsliði Íslands, Bjarni Þór Hauksson sem hefur farið mikinn á nýafstöðnu tímabili og sigrað fjölda alþjóðlegra móta.

IÐKENDUR Í HANDBOLTA VERÐI FLJÓTT 500

Yngri flokka starfið í handbolta heldur áfram að stækka hratt og örugglega, fjölgun er mikil á milli ára. Búist er við því að iðkendafjöldi í yngri flokkum verði ansi fljótt orðinn 500. Mikill stígandi er í starfinu og sóttu drengirnir í 6. fl. kk yngri bikarmeistaratitil.

Yngri flokkarnir hjá Víking bæði í handbolta og fótbolta eiga flotta fulltrúa sem eru fastamenn í yngri landsliðum Íslands. Yngri flokka starfið er í miklum blóma og við Víkingar erum afar stolt af yngri flokka starfinu hjá okkur. Mikill fjöldi iðkenda æfir fótbolta með Víkingi og er yngri flokka starf Víkings með því fjölmennasta í Reykjavík.

Borðtennisdeild Víkings er í góðu yfirlæti í frábærri aðstöðu niðri í TBR. Starfið gengur vel - bæði í meistaraflokki og í barna & unglingastarfi. Víkingar eru duglegir að vinna til verðlauna í borðtennis en á síðasta tímabili eigum við Víkingar Íslandsmeistara í meistaraflokki karla og kvenna, tvíliðaleik kvenna, 1. flokki karla og svo mætti lengi telja.

Tennisdeild Víkings er áfram í fararbroddi í grasrótarstarfi Tennisíþróttarinnar á Íslandi og glæsilegir tennisvellir Víkings í Fossvogi er þungamiðjan þar. Mikið líf er á svæðinu og mikið af mótum eru haldin á Tennisvöllum Víkings. Í lok árs 2024 skipuðu Tennisspilarar Víkings efsta sæti stigalista TSÍ bæði í karla og kvenna flokki og þegar þetta er ritað sitja Víkingar á efsta sæti listans karla og kvennamegin.

FRÉTTIR FRÁ DEILDUM



Almenningsdeild Víkinga hefur haldið sínu góða starfi áfram og gegnir mikilvægu hlutverki að stuðla að félagsauð og lýðheilsu í hverfinu okkar. Hlauparar merktir Víking eru áberandi í hlaupum landsins og ánægjulegt að sjá Víkinga í klædda hlaupara um alla borg. Hápunktur ársins hjá þeim er hið árlega Fossvogshlaup Hleðslu, en það var haldið þann 29. ágúst í Fossvoginum og gekk með eindæmum vel.

Hjólreiðadeild Víkinga stuðlar að félagsskap og lýðheilsu í hverfinu og æfir hjólreiðadeildin allt árið um kring. Yfir vetrarmánuðina æfir hópurinn í World Class. Bætt hefur verið í fjölbreytnina en núna er boðið uppá fjallahjólæfingar í samstarfi við Hjólreiðadeild Aftureldingar. Síðastliðinn vetur bauð Víkingur uppá Jóga tíma fyrir fullorðin fólk en það er liður í því að reyna að bjóða uppá eins fjölbreytt starf og kostur er á fyrir Víkinga og íbúa hverfisins frá vöggum til grafar.

Sumarnámskeið Víkinga eru alltaf á sínum stað og erum við stöðugt að reyna að þróa þau til þess að bjóða upp á eins fjölbreytt og gott starf og kostur er á. Námskeiðin eru vinsæl og vel sótt í upphafi sumars en alltaf má reyna að bæta sig og bregðast við. Fyrir okkar allra yngstu Víkinga er Íþróttaskólinn á sínum stað bæði í Réttó og Álftamýrarskóla, en þar iðar allt af lífi allar helgar yfir veturinn og komast færra að en vilja. Við höfum verið að taka á móti elstu deildum leikskóla hverfisins.

Við Víkingar höfum lagt okkur fram við að vera mikilvægt og öflugt ahl fyrir hverfasamfélagið og eigum við í mjög góðu samstarfi við lykilstofnanir hverfisins en þar ber helst að nefna grunnskólanna og frístundastarfið. Víkingur er til að mynda leiðandi ahl í hinni áralöngu hefð í hverfinu að halda Sumarhátíð á sumardaginn fyrsta. Við erum afar stolt af þeirri hátíð og þeirri staðreynd að Víkingur, sem hverfis félagið í orðsins fyllstu merkingu sé jafn stór og mikilvægur partur af samfélaginu okkar eins og raun ber vitni.



ÍVAR ORRI ARONSSON
Íþróttastjóri Víkinga

MANNVIRKI VÍKINGS

HLJÓÐKERFI OG AÐSTAÐA Á KNATTSPYRNUVELLI VÍKINNI

Endurbætur á stúkubyggingu í Víkinni hélt áfram á árinu 2024. Nýtt hljóðkerfi í bestu gæðum var sett upp í stúkunni og áfram var unnið í að innrétta rými fyrir aftan stúku til að auka við og bæta upplifun áhorfenda.

ENDURNÝJUN ÁHORFENDASÆTA Í SAFAMÝRI

Áhorfendasætum í íþróttahúsi Víkings í Safamýri var skipt út í september 2024. Áður höfðu verið í húsinu eldri og blá áhorfendasæti. Ný sæti sem sett hafa verið upp eru í litum Víkings.

BLAÐAMANNASTÚKA KLÆDD

Það má segja að blaðamannastúka á knattspyrnuvelli Víkings hafi nú verið að fullu kláruð en lokið var við klæðningu á byggingunni að utan á árinu 2024. Frá byggingu á þessari aðstöðu hefur félagið verið stolt að geta boðið upp á fyrsta flokks aðstöðu fyrir fjölmiðla á meðan leikjum stendur.

LED SKILTI - SAFAMÝRI

Ný vallarklukka var sett upp við knattspyrnuvöll Víkings í Safamýri. Ný vallarklukka var hluti af þeirri umgjörð og samkomulagi sem gert var á milli Víkings og Grindavíkur um að meistaraflokkar Grindavíkur í knattspyrnu, karla og kvenna, myndu leika og æfa á Víkingssvæðinu í Safamýri sumarið 2024.



AÐRAR ENDURBÆTUR

Fáeinir fleiri endurbætur má telja upp frá árinu 2024. Endurnýjaðir voru nokkrir hátalarar í veislusal í Safamýri. Klósett og vaskar voru endurnýjaðir í Safamýri. Þá var settur þakpappi á þak á íþróttahúsi í Víkinni á árinu 2024.

ÁRSREIKNINGUR 2024

AÐALSTJÓRN

* REKSTRARREIKNINGUR

Rekstrartekjur félagsins námu 326,9 millj. kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 3,3 millj. kr. milli ára eða um 1%. Hagnaður félagsins á árinu 2024 nam 4,0 millj. kr. (2023: 27,0 millj. kr.)

Tekjur	326.888.251
Gjöld	245.169.278
Framlög til deilda	(76.851.593)
Fjármunatekjur / fjármagnsgjöld	(897.041)
Hagnaður	3.970.339

* EFNAHAGSREIKNINGUR

Eigið fé félagsins í árslok nam 1.136,1 millj. kr. (2023: 1.132,1 millj. kr.). Eigið fé og skuldir samtals nema 1.173.505,9 millj. kr.

Eignir	1.173.506
Langtímaskuldir	12.776.997
Skammtímaskuldir	24.609.306

ÁRSREIKNINGUR 2024

SAMSTÆÐA

* REKSTRARREIKNINGUR

Hagnaður varð af rekstri félagsins árið 2024 sem nam kr. 420.283.320,- samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok var kr. 1.745.178.848,- og hækkaði um kr. 426.713.320,- á árinu. Eiginfjárlutfall er 93,9 %.

Tekjur **1.664.180.921**

Gjöld **1.242.779.617**

Fjármagnstekjur /
Fjármagnsgjöld **(1.117.984)**

Afkoma **420.283.320**

* EFNAHAGSREIKNINGUR

Peningalegar eignir umfram peningalegar skuldir í árslok námu kr. 510.726.573,- samkvæmt efnahagsreikningi, en til samanburðar voru peningalegar eignir umfram skuldir að upphæð kr. 101.550.359,- árið áður. Heildartekjur félagsins hækkuðu um 80,2% milli ára, en rekstrargjöldin hækkuðu um 38,0 %. Hrein fjármagnsgjöld á árinu námu kr. 1.117.984,- á móti kr. 565.310,- árið áður.

Eignir **1.745.178.848**

Langtímaskuldir **12.776.997**

Skammtímaskuldir **101.241.996**



VIÐÍS HAUKSDÓTTIR
Fjármálastjóri Víkings

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VÍKINGUR

STOFNAÐ 1908

UPPLÝSINGAR

Sími

5197600

Tölvupóstur

vikingur@vikingur.is

Heimasíða

www.vikingur.is

Heimilisfang

Safamýri 26 og Traðarlandi 1,
108 Reykjavík



Knattspyrnufélagið Víkingur - Aðalstjórn

Ársreikningur 2024

Óendurskoðaður ársreikningur
Knattspyrnufélagið Víkingur - Aðalstjórn
Traðarlandi 1
101 Reykjavík

Kt. 700269-0789

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur ársins 2024 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 326,9 millj. kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 3,3 millj. kr. milli ára eða um 1%. Hagnaður félagsins á árinu 2024 nam 4,0 millj. kr. (2023: 27,0 millj. kr.)

Eigið fé félagsins í árslok nam 1.136,1 millj. kr. (2023: 1.132,1 millj. kr.).

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 12,0 (2023: 13,0).

Stjórn og framkvæmdastjóri Aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Víkings hafa í dag rætt ársreikning aðalstjórnar félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. júní 2025.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðanda

Til aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Víkings

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Knattspyrnufélagsins Víkings - Aðalstjórn fyrir árið 2024 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík, 23. júní 2025.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Styrkir frá ÍBR, ÍSÍ og ÍTR		254.480.913	244.152.364
Aðrar húsaleigutekjur		17.878.671	25.190.974
Styrktarsjóður		45.096	46.311
Tekjur af lottó		17.498.586	14.184.202
Tekjur af samkeppnisrekstri, flettiskilti ofl.		18.352.924	17.136.985
Námskeið		11.659.813	8.473.681
Aðrar tekjur		6.972.248	14.356.493
		<u>326.888.251</u>	<u>323.541.010</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	126.591.684	127.403.155
Rekstur fasteigna		72.526.330	62.677.560
Annar rekstrarkostnaður		40.524.207	30.088.749
Samkeppnisrekstur		0	1.726.541
Gjaldfærð orlofsskuldbinding		3.336.362	2.981.369
Afskriftir	7	2.190.695	2.144.492
		<u>245.169.278</u>	<u>227.021.866</u>
Rekstrarhagnaður fyrir framlög deilda		81.718.973	96.519.144
Framlög til deilda	(	76.851.593)	(66.596.707)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		4.867.380	29.922.437
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		2.457.473	1.347.184
Vaxtagjöld	(	3.354.514)	(4.268.034)
		<u>(897.041)</u>	<u>(2.920.850)</u>
Hagnaður ársins		<u><u>3.970.339</u></u>	<u><u>27.001.587</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	1.105.783.919	1.100.032.334
Fastafjármunir		1.105.783.919	1.100.032.334
Viðskiptakröfur		35.451.945	45.587.017
Handbært fé		32.270.053	38.398.487
Veltufjármunir		67.721.998	83.985.504
Eignir samtals		1.173.505.917	1.184.017.838
Eigið fé			
Höfuðstóll frá fyrra ári		1.036.999.275	1.009.997.688
Endurmat fasteigna		95.150.000	95.150.000
Afkoma ársins		3.970.339	27.001.587
Eigið fé		1.136.119.614	1.132.149.275
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir	8	12.776.997	26.485.229
Langtímaskuldir		12.776.997	26.485.229
Næsta árs afborganir langtímaskulda	8	4.804.567	6.369.280
Viðskiptaskuldir		1.716.329	5.316.804
Aðrar skammtímaskuldir		17.533.559	13.697.250
Skammtímaskuldir		24.609.306	25.383.334
Skuldir samtals		37.386.303	51.868.563
Eigið fé og skuldir samtals		1.173.505.917	1.184.017.838

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar í reikninginn þegar þeirra hefur verið aflað og þær hafa fengist greiddar.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun utan fasteigna sem færðar eru á fasteignamati hvers árs og endurmat fært á eigið fé. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Vélar, áhöld og tæki 5 - 10 ár

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þann	2024	2023
Laun	100.897.597	103.689.953
Mótframlag í lífeyrissjóð	12.706.765	13.148.410
Önnur launatengd gjöld	7.139.118	7.377.673
Annar starfsmannakostnaður	5.848.204	3.187.119
Laun og launatengd gjöld samtals	126.591.684	127.403.155
Ársverk	12	13

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2023.....	1.089.000.000	24.668.629	1.113.668.629
Selt og niðurlagt á árinu	0	(5.263.338)	(5.263.338)
Heildarverð 31.12.2023.....	1.089.000.000	19.405.291	1.108.405.291
Viðbót á árinu	0	7.942.280	7.942.280
Heildarverð 31.12.2024.....	1.089.000.000	27.347.571	1.116.347.571
Afskrifað samtals 1.1.2023.....	0	11.491.798	11.491.798
Afskriftir ársins	0	2.144.497	2.144.497
Afskrifað samtals 31.12.2023.....	0	8.372.957	8.372.957
Afskriftir ársins	0	2.190.695	2.190.695
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	0	10.563.652	10.563.652
Bókfært verð 31.12.2023.....	1.089.000.000	11.032.334	1.100.032.334
Bókfært verð 31.12.2024.....	1.089.000.000	16.783.919	1.105.783.919
Afskriftahlutföll	0%	10%-20%	

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat
Fasteignir	1.198.950.000	1.834.200.000
Samtals	1.198.950.000	1.834.200.000

8. Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:

	2024	2023
Óverðtryggðar skuldir í ISK	17.581.564	32.854.509
Skuldir við lánastofnanir samtals	17.581.564	32.854.509
Næsta árs afborganir langtímalána	(4.804.567)	(6.369.280)
Skuldir við lánastofnanir samkvæmt efnahagsreikningi	12.776.997	26.485.229

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2025/2024	4.804.567	6.369.280
Afborganir árið 2026/2025	5.459.645	7.237.699
Afborganir árið 2027/2026	6.204.040	8.224.522
Afborganir árið 2028/2027	1.113.312	11.023.008
Afborganir langtímalána samtals	17.581.564	32.854.509

Sundurliðanir

	2024	2023
Styrkir frá ÍBR og ÍTR		
ÍBR húsaleigustyrkir Víkin	101.748.000	93.354.308
ÍBR rekstrarsamningur Safamýri	54.811.350	57.099.582
ÍBR styrkur til deilda	3.375.000	0
ÍBR skattar	0 (	225.000)
Styrkur vegna Grindavíkur	8.880.000	0
ÍTR styrkir v/viðhalds	4.645.000	17.849.379
Frístundakort sveitarfélaga	68.379.499	59.104.006
ÍTR aðrir styrkir	12.642.064	16.970.089
	254.480.913	244.152.364
r+A22		
Húsaleigutekjur		
Húsaleiga Víkin	9.196.671	16.287.474
Húsaleiga Safamýri	8.682.000	8.903.500
	17.878.671	25.190.974
Styrkir ekki færðir í ársreikningi		
Aðrir styrkir frá ÍBR/ÍTR sem ekki koma til greiðslu til Víkings eru:		
Styrkur vegna afnota á Borgarmannvirkjum og Egilshöll	30.102.000	29.168.000
Fasteignagjöld ársins, greidd af styrk frá ÍTR	16.997.774	16.321.653
	47.099.774	45.489.653
Laun og launatengd gjöld		
Laun	100.897.597	103.689.953
Lífeyrissjóður	12.706.765	13.148.410
Tryggingagjald	7.139.118	7.377.673
Önnur launatengd gjöld	1.535.704	1.670.160
Verktakalaun	4.312.500	1.516.959
	126.591.684	127.403.155
Rekstur fasteigna		
Fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld	2.423.076	2.294.085
Rafmagn, hiti og vatn	7.479.121	8.877.279
Rafmagn, hiti og vatn í Safamýri	6.483.333	10.188.596
Tryggingar	3.066.364	2.762.665
Viðhald fasteigna og annar húsnæðiskostnaður	20.843.313	10.435.542
Kostnaður v/útleigu í Safamýri	3.141.657	890.708
Ípróttaáhöld	4.296.657	2.826.494
Ípróttaáhöld í Safamýri	31.174	533.490
Sorphreinsun	1.807.290	1.150.015
Sorphreinsun í Safamýri	1.309.372	1.118.584
Öryggisgæsla og viðhald kerfis	1.631.807	2.170.021
Öryggisgæsla og viðhald kerfis í Safamýri	1.339.402	2.013.298
Ræsting og hreinlætisvörur	10.420.528	11.049.078
Ræsting og hreinlætisvörur í Safamýri	1.061.477	1.403.615
Snjómokstur, hálkeyðir, veggjakort ofl.	1.985.390	1.123.157
Rekstrarvörur og annar kostnaður	4.149.325	3.034.210
Rekstrarvörur og annar kostnaður í Safamýri	1.057.044	806.723
	72.526.330	62.677.560

Sundurliðanir frh.:

Annar rekstrarkostnaður

Pappír, prentun og ritföng	435.796	581.555
Burðargjöld og dreifing	116.946	43.147
Síma- og netkostnaður	745.385	594.871
Tölvukostnaður	5.249.761	3.446.008
Funda- og þingkostnaður	54.927	40.581
Áhöld og tæki	1.033.954	750.310
Útlagður kostnaður vegna viðburða	1.790.506	2.270.903
Ýmis kostnaður vegna námskeiða	7.573.103	4.546.257
Akstur og ferðir	14.503.975	13.242.355
Viðburðir	406.775	15.984
Verðlaun og viðurkenningar	225.400	140.204
Ýmis skrifstofukostnaður	30.752	59.817
Þjónustu og seðilgjöld fjármálast.	92.064	160.865
Annar kostnaður	8.264.863	4.195.892
	<u>40.524.207</u>	<u>30.088.749</u>

Framlag til deilda

Frá Aðalstjórn

Knattspyrnudeild	270.282	2.783.504
Barna- og unglingaráð Knd.	387.075	424.947
Handknattleiksdeild	2.961.787	2.985.490
Tennisdeild	500.000	500.000
Skiðadeild	3.583.360	556.084
Borðtennisdeild	450.000	400.000
Karatedeild	500.000	500.000
	<u>8.652.504</u>	<u>8.150.025</u>
Handknattleiksdeild, Barna- og unglingaráð	16.973.711	13.850.848
Knattspyrnudeild, Barna- og unglingaráð	45.088.864	39.762.128
Knattspyrnudeild	2.693.600	1.744.201
Skiðadeild	994.750	1.013.879
Borðtennisdeild	379.800	222.000
Tennisdeild	740.500	658.840
Karatedeild	1.327.864	1.194.786
	<u>68.199.089</u>	<u>58.446.682</u>
Samtals framlag til deilda	<u>76.851.593</u>	<u>66.596.707</u>

Knattspyrnufélagið Víkingur

Heildarársreikningur



Ársreikningur

2024

ÁRITUN STJÓRNAR

Hagnaður varð af rekstri félagsins árið 2024 sem nam kr. 420.283.320,- samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok var kr. 1.745.178.848,- og hækkaði um kr. 426.713.320,- á árinu. Eiginfjárlutfall er 93,9 %. Peningalegar eignir umfram peningalegar skuldir í árslok námu kr. 510.726.573,- samkvæmt efnahagsreikningi, en til samanburðar voru peningalegar eignir umfram skuldir að upphæð kr. 101.550.359,- árið áður. Heildartekjur félagsins hækkuðu um 80,2% milli ára, en rekstrargjöldin hækkuðu um 38,0 %. Hrein fjármagnsgjöld á árinu námu kr. 1.117.984,- á móti kr. 565.310,- árið áður. Heildar launa- og verktakagreiðslur félagsins samkvæmt rekstrarreikningi námu kr. 594.240.275,- á árinu 2024 til samanburðar við kr. 438.302.649,- árið 2023. Stjórn Knattspyrnufélagsins Víkings og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík 25. júní 2025,

Framkvæmdastjóri:

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við, kjörnir skoðunarmenn Knattspyrnufélagsins Víkings, höfum yfirfarið ársreikning félagsins. Ársreikningurinn er fyrir árið 2024 og hefur að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning ásamt sundurliðaðri töflu yfir rekstur allra deilda. Ársreikningurinn er gerður á skrifstofu félagsins samkvæmt bókhaldi Knattspyrnufélagsins Víkings og upplýsingum frá framkvæmdastjóra. Við höfum sannreynt að tilgreindar eignir eru fyrir hendi og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík 25. júní 2025,

Óskar Sverrisson endurskoðandi

Sigurður Óli Sigurðsson skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2024

	2024	2023
Rekstrartekjur:		
Framlög og styrkir	339.956.746	341.871.902
Tekjur af mótum	931.416.197	150.184.468
Tekjur af samkeppnisrekstri	21.552.924	20.136.985
Húsa- og vallarleigutekjur	26.861.671	34.843.610
Æfingagjöld	159.623.954	125.143.250
Aðrar tekjur	184.769.429	251.484.828
	<u>1.664.180.921</u>	<u>923.665.043</u>
Rekstrargjöld:		
Laun, launatengd gjöld og verktakagreiðslur	594.240.275	438.302.649
Áhöld, tæki og aðstaða	34.756.744	14.327.255
Þátttaka í mótum og kostnaður vegna mótahalds	305.200.491	152.588.199
Rekstur mannvirkja	97.485.087	83.348.581
Rekstur skrifstofu	47.346.515	34.668.653
Kostnaður vegna samkeppnisreksturs	0	1.726.541
Framlag til deilda	12.467.504	16.020.025
Önnur gjöld	151.283.001	159.448.313
	<u>1.242.779.617</u>	<u>900.430.216</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði	421.401.304	23.234.827
Fjármagnsliðir:		
Hreinar fjármagnstekjur / (fjármagnsgjöld)	(1.117.984)	(565.310)
Afkoma ársins	<u>420.283.320</u>	<u>22.669.517</u>

Efnahagsreikningur 31.desember 2024

Eignir

2024

2023

Fastafjármunir:

Verðgildi leikmanna	23.100.000	16.000.000
Fasteignir og mannvirki	1.192.746.879	1.188.061.358
LED vallarskjár	1.703.936	2.129.920
Varamannaskýli og hús	7.290.000	8.100.000
Áhöld og íþróttatæki	2.463.408	2.623.891
Annar búnaður	7.148.052	0
	<u>1.234.452.275</u>	<u>1.216.915.169</u>

Veltufjármunir:

Skammtímakröfur	182.368.141	92.088.134
Vörubirgðir	0	298.139
Handbært fé	442.377.425	99.127.851
	<u>624.745.566</u>	<u>191.514.124</u>

Eignir samtals

1.859.197.841

1.408.429.293

Skuldir og eigið fé

2024

2023

Eigið fé:

Höfuðstóll frá fyrra ári	1.318.465.528	1.290.016.011
Endurmat fasteigna	5.630.000	3.980.000
Verðgildi leikmanna	800.000	1.800.000
Afkoma ársins	420.283.320	22.669.517
	<u>1.745.178.848</u>	<u>1.318.465.528</u>

Langtímaskuldir:

Langtímaskuldir	12.776.997	26.485.229
	<u>12.776.997</u>	<u>26.485.229</u>

Skammtímaskuldir:

Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	96.437.429	57.109.256
Afborganir næsta árs af langtímalánum	4.804.567	6.369.280
	<u>101.241.996</u>	<u>63.478.536</u>

Skuldir samtals

114.018.993

89.963.765

Skuldir og eigið fé samtals

1.859.197.841

1.408.429.293

Ársreikningur 2024

Félag : Víkingur

Rekstur

Tekjur	Deild	Aðalstjórn	Alm.deild	Borðtennis	Fulltr.ráð	Handknd.	BUR hkd.	Hjóladeild	Karate	Knattsp.	BUR knd.	Skíðad.	Tennis	Heildin
11000	Framlög og styrkir	203.825.506	500.000	700.000		15.143.645	711.136		500.000	93.098.383	4.280.318	7.555.803	13.641.955	339.956.746
15000	Tekjur af mótum		1.867.354			4.283.179	2.400.000			910.653.782	9.785.282		2.426.600	931.416.197
17000	Auglýsingatekjur	18.352.924								3.200.000				21.552.924
20000	Húsa- og vallarleigutekjur	17.878.671		8.650.000									333.000	26.861.671
22200	Æfingagjöld		2.025.900	677.819			39.887.972	2.272.567	2.043.469	6.181.104	100.351.568	994.750	5.188.805	159.623.954
22000	Aðrar tekjur	18.632.061	39.000	1.678.878		5.729.558	15.993.696	782.417	216.000	73.580.877	68.116.942			184.769.429
TEKJUR ALLS		258.689.162	4.432.254	11.706.697		25.156.382	58.992.804	3.054.984	2.759.469	1.086.714.146	182.534.110	8.550.553	21.590.360	1.664.180.921

Gjöld	Deild	Aðalstjórn	Alm.deild	Borðtennis	Fulltr.ráð	Handknd.	Unglr.HKD	Hjóladeild	Karate	Knattsp.	BUR knd.	Skíðad.	Tennis	Heildin
31000	Laun og verktakagreiðslur	126.591.684	1.291.040			15.062.646	18.987.759	1.808.000	1.957.000	342.047.011	76.612.277	1.536.240	8.346.618	594.240.275
35000	Styrkir til deilda	8.652.504								3.815.000				12.467.504
36000	Félagaskipti og sala leikmanna					102.000				5.919.286				6.021.286
37000	Áhöld og tæki		664.781	107.803		1.533.366	3.896.846	476.253		18.659.111	8.798.926		619.658	34.756.744
40000	Þátttaka í mótum	Samtala		2.830.202		13.887.724	17.494.064	524.901	426.312	256.700.906	7.352.417	2.999.625		302.216.151
	Ferðakostnaður innanlands					516.654	343.200			6.105.588	5.734.417			12.699.859
	Ferðakostnaður erlendis									136.176.750				136.176.750
	Annar þátttökukostnaður			2.830.202		13.371.070	17.150.864	524.901	426.312	114.418.568	1.618.000	2.999.625		153.339.542
45000	Kostnaður v/mótahalds		280.647							504.124	1.303.525		896.044	2.984.340
48000	Rekstur mannvirkja	76.096.903		8.650.000								1.338.184	11.400.000	97.485.087
53000	Rekstur skrifstofu	36.953.634				228.315		69.752	56.000	10.038.814				47.346.515
56000	Kynning, fræðsla og útbr.			90.000								250.000		340.000
60000	Kostn. v/samkeppnisreksturs													
65000	Önnur gjöld	5.527.057	1.590.146	1.240		2.941.672	13.252.293	397.901	4.219	42.225.383	78.378.186	225.679	377.939	144.921.715
76000	Fjármagnsliðir	897.041	-317.252	-9.501	-9.323	99.848	-407.929	-23.302	-31.107	2.974.991	-1.735.141	-311.348	-8.993	1.117.984
GJÖLD ALLS		254.718.823	3.509.362	11.669.744	-9.323	33.855.571	53.223.033	3.253.505	2.412.424	682.884.626	170.710.190	6.038.380	21.631.266	1.243.897.601

HAGNAÐUR / TAP	3.970.339	922.892	36.953	9.323	-8.699.189	5.769.771	-198.521	347.045	403.829.520	11.823.920	2.512.173	-40.906	420.283.320
----------------	-----------	---------	--------	-------	------------	-----------	----------	---------	-------------	------------	-----------	---------	-------------

Ársreikningur 2024

Félag : Víkingur

Efnahagur

EIGNIR	Deild	Aðalstjórn	Alm.deild	Borðtennis	Fulltr.ráð	Handknd.	Unglr.HKD	Hjóladeild	Karate	Knattsp.	BUR knd.	Skíðad.	Tennis	Heildin
81000	Fastafjármunir	1.105.783.919		1.821.477						34.361.200		92.285.679	200.000	1.234.452.275
85000	Veltufjármunir	67.721.998	5.625.751	1.218.244	373.594	1.011.950	13.164.618	1.090.313	1.992.564	490.384.664	32.436.424	9.110.668	614.778	624.745.566
EIGNIR ALLS		1.173.505.917	5.625.751	3.039.721	373.594	1.011.950	13.164.618	1.090.313	1.992.564	524.745.864	32.436.424	101.396.347	814.778	1.859.197.841

SKULDIR OG EIGIÐ FE	Deild	Aðalstjórn	Alm.deild	Borðtennis	Fulltr.ráð	Handknd.	Unglr.HKD	Hjóladeild	Karate	Knattsp.	BUR knd.	Skíðad.	Tennis	Heildin
91000	Eigið fé	1.136.119.614	5.608.042	3.039.721	373.594	-18.139.685	12.509.818	1.090.313	1.992.564	474.630.985	25.742.757	101.396.347	814.778	1.745.178.848
92000	Skuldir	Samtala	37.386.303	17.709		19.151.635	654.800			50.114.879	6.693.667			114.018.993
	Langtímaskuldir	12.776.997												12.776.997
	Skammtímaskuldir	24.609.306	17.709			19.151.635	654.800			50.114.879	6.693.667			101.241.996
SKULDIR OG EIGIÐ FE ALLS		1.173.505.917	5.625.751	3.039.721	373.594	1.011.950	13.164.618	1.090.313	1.992.564	524.745.864	32.436.424	101.396.347	814.778	1.859.197.841